

**50. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
8. desember 2020
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB) , Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH) ,
Aðalsteinn Magnússon (AM) , Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn
Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

1. Landsskipulag - 2011282

Tekin fyrir viðauki við landsskipulagsstefnu dags. nóvember 2020, Loftslag, landslag,
lýðheilsa.

*Nefndin bendir á að þessi nýja stefna kallar á meiri útgjöld hjá sveitarfélögum við
skipulagsgerð. Skipulagssjóður þyrfti að stækka sem þessu nemur.
Skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn í samvinnu við sveitarstjóra.*

2. Bygging sólstofu - 1906380

Tekin fyrir grenndarkynning eftir auglýsingu. Grenndarkynning var auglýst á
heimasíðu hreppsins frá 16.09.2020 til 14.10.2020.

Engin athugasemd barst við tillöguna.

Fyrir liggur samþykki húseigenda við Miðtún 4, 8, 10., 12, 13, 14 og 16, Bugatún 10
og 12.

*Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Byggingar-, skipulags- og
umhverfisnefnd samþykkir grenndarkynninguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða
hana skv. 43. gr. skipulagslaga.*

3. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tekin fyrir Aðalskipulagsbreyting við Norður-Botn, greinargerð, umhverfisskýrsla og
uppdráttur dags. 20.11.2020 unnin af Verkís.

Breytingin varðar landnotkun svæða í landi Norður-Botns þ.e. iðnaðarsvæði I3 og
I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bíldudalsvegur.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að:

- Auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og skýra hvar
framleiðsla skuli staðsett.

- Staðsetja iðnaðarsvæði I11 í jaðri heimatúns og skilgreina heimildir til
uppbyggingar.

- Staðsetja efnistökusvæðin E3 og E6 í samræmi við framkvæmdaleyfi. Efnistaka er
ætluð til vegagerðar og uppbyggingar á svæði I3

- Heimila færslu þjóðvegur 63 og byggingar brúar yfir Botnsá til að auka
umferðaröryggi.

Samhliða breytingu aðalskipulagsins er unnin tillaga að breytingu deiliskipulags
seiðaeldisstöðvar í landi Norður-Botns.

Fyrirhugað er að stækka seiðaeldisstöðina og er stækkunin tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og fellur þí aðalskipulagsbreytinguin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

4. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Tekin fyrir greinargerð og umhverfisskýrsla ásamt tveimur uppdráttum að tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Norður-Botni dags. 20. nóvember 2020 unnin af Verkís. Markmið skipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm fyrir stækkun seiðaeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og að staðsetja efnistökusvæðin í Botnsdal á réttum stöðum. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs út fyrir stórstraumsfjöru. Byggingarmagn á byggingarreit I, Norður-Botn fer úr 8.000 m² í 40.000 m², hámarks ársframleiðsla fer úr 200 tonnum í 2200 tonn.

Byggingarmagn á byggingarreit II, Keldeyri fer úr 8.000 m² í 5.000 m², ársframleiðsla er óbreytt 200 tonn.

Heimild verður að byggja upphækkaðan þjóðveg með tilheyrarndi ræsum og brúarmannvirki á 800 metra kafla sunnan Hjallatúns.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga, samhliða breytingu á aðalskipulagi sama efnis.

5. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekin fyrir að nýju umsókn Sjóttækni vegna umsóknar um breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar lóðar á hafnarsvæði sem nefnt hefur verið Hafnarskemma. Jafnframt er lögð fram tillaga sem rædd var á fundi byggingarfulltrúa, sveitarstjóra og Sjóttækni.

Atvinnu- og hafnarnefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 7. desember sl. og tók jákvætt í erindið en taldi mikilvægt að við breytingar á loðarmörkum sé gætt að því að ekki sé þrengt að flutningaleið að viðlegukannti.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir að skipulagsfulltrúi leggi fram nýja tillögu miðað við samræður á fundinum og leggja fyrir á næsta fundi.

6. Miðtún 18, utanhússklæðning - 2010019

Lögð fram tilkynning um minniháttar framkvæmd undanþegna byggingarleyfi skv. grein 2.3.5 í byggingareglugerð c-lið.

Fyrirhugað er að klæða tvær hliðar hússins við Miðtún 18 með bárujárn.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við erindið.

7. Strandgata 39-41, sameining lóða - 2004602

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar lóðarmál við Strandgötu 39-41. Atvinnu- og hafnarnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum þann 7. desember sl. þar sem lagt var til að deiliskipulag á hafnarsvæði næst Strandgötu verði tekið til endurskoðunar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að gera breytingar á deiliskipulagi á svæðinu miðað við umræður á fundinum.

8. Umferðaröryggisáætlun - 2008145

Tekin fyrir að nýju umferðaröryggisáætlun Tálknafjarðarhrepps dags. desember 2020.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir framlagða umferðaröryggisáætlun og vísar henni til sveitarstjórar.

10. Bygging sólstofu - 1906380

Teknar fyrir teikningar frá Gingi teiknistofa og Al-Hönnun af sólstofu við Miðtún 7.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi þegar grenndarkynningu er formlega lokið sbr. lið 2 hér að ofan.

11. Umsókn stöðuleyfi - 1911660

Tekið fyrir að nýju erindi frá Valdimar Hermann Jóhannessyni þar sem mótmælt er stöðuleyfisgjaldi sem lagt var á tvo gáma í hans eigu. Byggingarfulltrúa var falið að taka úr gámana, stærð og legu og leggja fyrir nefndina að nýju.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum.

12. Neysluvatnssýni 12.10.2020 - 2011233

Lagðar fram rannsóknarniðurstöður á vatnssýni sem tekið var af Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þann 12.10.2020.

Sýnið stóðst gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001.

Lagt fram til kynningar.

13. Ferðamannastaðir merkingakerfi fyrir ferðamannastaði og verndarsvæði - 2011248

Lagt fram til kynningar upplýsingar um merkingakerfi ferðamannastaða og verndarsvæði.

Lagt fram til kynningar.

9. Leiðbeiningar algild hönnun utandyra - 2005118

Tekið fyrir erindi frá Samgöngustofu dags. 18.5.2020 er varðar hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra, leiðbeiningar.

Lagt fram til kynningar, nefndin bendir á að vísað er í skýrsluna í umferðaröryggisáætlun Tálknafjarðarhrepps.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

50. fundur
09.12.2020

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)
